

1. Gr. NAFN: — Nafn fjelags þessa er: **Hið Únitariska Kyrkjufjelag Vestur-Íslendinga.**

2. Gr. TILGANGUR: — Tilgangur fjelags þessa er, að leitast við, að efla og stofnsetja únitariska söfnuði meðal Íslendinga, útbreiða frjálslyndi í trúarskoðunum, og viðhalda skynsamlegum, lifandi og göfgandi trúarhugmyndum, í elsku til guðs og þjónustu manna.

3. Gr. MEÐLIMIR: — Í fjelagi þessu geta staðið þeði einstakir menn, sem að þessum fjalagsskap vilja vinna, og söfnudir þeir, sem stefna að hinu sama markmiði.

4. Gr. INNGANGA: — Innganga í fjelagið skal gjörast með umsókn til stjórnarnefndarinnar, og samþykki hennar. Þar sem um söfnuð er að ræða, skal staðfest afskrift af lögum hans fylgja umsókninni. Þó skal þeim gjördum stjórnarnefndarinnar vísað til eftirkomandi þings til lagalegrar staðfestingar.

5. Gr. GJÖLD: — Hver söfnuður skal gjalda, ekki minna en fimm (\$5.00) dollara inngangseyrir, í fjalagssjóð, en einstakir menn, einn (\$1.00) dollar á ári hverju. Æ filangt geta einstakir menn orðið fjelagar með því að gjalda tuttugu og fimm (\$25.00) dollara í fjalagssjóð, eitt skifti fyrir öll.

6. Gr. FULLTRÚA TALA SAFNAÐA: — Sjerhver söfnuður fjelagsins, hefir rjett til, að senda einn fullrúa á þing, fyrir hverja fimbrotti (15) atkvæðisbæra meðlimi safnaðarins, eda brot úr fimbrotti, alt upp að sjötíu og fimm (75) meðlimum; en einn fulltrúa fyrir hverja tuttugu og fimm (25) meðlimum fram yfir sjötíu og fimm eda brot úr tuttugu og fimm. Þó skal hver söfnuður hafa rjett til að senda þrjá (3) fulltrúa á þing, hversu fámennur, sem hann er. Atkvæðisrjett til þingkosninga, hafa allir, sem eru fimbrotti (15) ára og eldri. — Auk kosinna fulltrúa, skulu eiga sæti á þingi og hafa full þingrjettið, stjórnarnefnd, þjónandi prestar og einstakir meðlimir kyrkjufjelagsins og formenn milliþinganeftinda.

7. Gr. STJÓRNAR NEFND: — Forseti, Varasforseti, Skrifari, Varaskrifari, Fjehirðir, Útbreiðslustjóri, Field Missionary, og þrír meðráðamenn, skulu skipa stjórnarnefnd fjelagsins, og sje hún kosin á hverju löglega boðuðu þingi.

8. Gr. SKYLDUR EMBÆTTISMANNA: — Hinir ýmsu embættismenn skulu sinna þeim störfum er venjulega gjörist, í samskonar fjögum, og skyldir að hegða framkvæmdum sínum samkvæmt fyrirskipun lögmaðra funda.

9. Gr. ÞINGHÖLD: — Þing skal haldið á ári hverju, ef kringumstæður leyfa; auk þess skal stjórnarnefndin hafa vald til að kalla til þings með mánadarsfyrirvara, þegar henni sýnist, og skyldt til þess ef þrír fjórðu meðlima